



Vinstribeygjur - slysastaðagreining: Slysagreining á mismunandi útfærslum varinna vinstribeygjufasa á ljósastýrðum gatnamótum höfuðborgarsvæðisins. Davíð Guðbergsson, Ragnar Þór Þrastarson og Nils Schwarzkopp. VSÓ ráðgjöf ehf. og Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. – júní 2022.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Í þessu verkefni var úrtak 20 gatnamóta á höfuðborgarsvæðinu með varðar vinstri beygjur borið saman með tilliti til umferðaröryggis. Gatnamótin voru svo flokkuð nánar eftir ljósastýringu og borin saman slysatíðni og alvarleiki þeirra, með það að sjónarmiði að ákvarða hvort marktækur munur væri til staðar.

Lagt var til að í íslenskri hugtakanotkun verði notuð hugtökin „vinstri leiðir“, „vinstri laggar“ og „leiðir-laggar“ þegar vísað er til mismunandi ljósastillinga varinna vinstri beygju fasa, til að færa hugtök nær alþjóðlegri notkun. Enn fremur er lagt til að ljósastýrð gatnamót séu fullvarin þegar bæði aðalvegur og hliðarvegur hafa varðar vinstri beygjur, annars að gatnamót séu hálfvarin þegar eingöngu annar vegurinn hefur varðar vinstri beygjur.

Í ljós kom við skoðun úrtaks að öll gatnamót sem eru hálfvarin hafa „leiðir-laggar“ fyrirkomulag á aðalstefnu, svo aðeins er hægt að greina mun á „vinstri leiðir“/ „vinstri laggar“ og „leiðir-laggar“ þar sem gatnamót eru fullvarin.

Samkvæmt þeirri flokkun gáfu niðurstöður ekki marktækan mun milli „vinstri leiðir“/ „vinstri laggar“ annars vegar og „leiðir-laggar“ hins vegar með tilliti til umferðaröryggis. Hins vegar voru öll þau 4 gatnamót sem komu verst út (alvarleikastuðull > 2,8) hálfvarin. Þau gatnamót höfðu þó fæst skráð tilvik á bakvið sig svo einhverjar líkur eru á að þær niðurstöður séu bjagaðar.

Samandregið má segja að niðurstöður þessarar rannsóknar styrki stöðum undir fyrri rannsóknir að varðar vinstri beygjur auki umferðaröryggi. Enn fremur eru sterkar vísendingar um að enn betra öryggi fáið með því að verja báða vegi sem koma að gatnamótum, ekki bara annan þeirra. Þar sem ekki var munur á milli þess hvernig vinstribeygju fasar eru varðir („vinstri leiðir“/ „vinstri laggar“ eða „leiðir-laggar“) gefur sú niðurstaða ljósastýringarhönnuðum frelsi til að hanna varða vinstri beygjuljósafasa fyrst og fremst með tilliti til afkastagetu.